



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifaskráning í landi Björkur í Árborg

Kristín Sylvía Ragnarsdóttir

Mars 2024

NV nr. 07-24

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: Mars 2024
Skýrsla nr: 07-24	Verknúmer: 650	Dreifing: ☐ Opin
Upplag: 1	Verkstig:	☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning í landi Björkur í Árborg		Unnið fyrir: Larsen Hönnun og Ráðgjöf
Höfundur: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir		Verkefnastjóri: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir
ÚTDRÁTTUR Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í landi Björkur í Árborg. Tvær minjar voru skráðar við fornleifaskráninguna og voru það steinhlaðið skjól og áveita. Skjólið hefur verið skráð og rannsakað áður.		
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		Yfirfarið af: Atla Rúnarssyni

EFNISYFIRLIT

Útdráttur.....	1
Efnisyfirlit.....	2
1. INNGANGUR.....	3
2. AÐFERÐAFRÆÐI.....	4
2.1 Tilgangur fornleifaskráninga	4
2.2 Skráning fornleifa	6
3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ	6
3.1 Saga Björkur	6
3.2 Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis	10
4. NIÐURSTÖÐUR	13
5. HEIMILDASKRÁ	14
6. KORT	15
7. PUNKTASKRÁ	17

1. INNGANGUR

Að beiðni Jódísar Ástu Gísladóttur hjá Larsen Hönnun og Ráðgjöf gerði Náttúrustofa Vestfjarða fornleifakönnun á deiliskipulagsreit í landi Björkur í sveitarfélaginu Árborg. Svæðið sem um ræðir er um 18 ha að stærð. Fyrirhugað er að þar rísi íbúðahverfi. Árið 2008 kom út skýrslan *Aðalskráning fornleifa í Árborg* ¹ þar var jörðin Björk fornleifaskráð. Þar sem



Mynd 1. Staðsetning svæðis merkt inn á kort.

sú skráning er ekki fullnægjandi á deiliskipulagsstigi fór Minjastofnun Íslands fram á að minjar verði mældar upp með nákvæmum mælitækum.

Svæðið sem um ræðir er annar áfangi deiliskipulags og er staðsett í landi Bjarkar (sjá mynd 2). Árið 2020 og 2023 fóru fram fornleifaskráningar fyrir fyrsta áfanga deiliskipulagsins² suðaustan við þetta svæði í landi Jórvíkur. Komu þær skráningar út í skýrslunum *Fornleifaskráning vegna deiliskipulagsreits í landi Jórvíkur í Árborg*³ árið 2020 og *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreiti í landi Jórvíkur í Árborg*⁴ árið 2023.

Árið 2021 var gerður könnunarskurður í skjól [1860-8] sem hafði verið skráð árið 2017 og er innan deiliskipulagsteits. Kom sú skráning út í skýrslunni *Fornleifakönnun vegna deiliskipulags á Björkurstykki í Árborg*.⁵ Niðurstöður úr könnunarskurðinum komu út í skýrslunni *Könnunarskurðir vegna framkvæmda á Björkurstykki í Árborg*.⁶

Svæðið var gengið og skráðar minjar voru mældar upp. Vettvangsvinna fór fram þann 5.3.2024 og var unnin af Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingi. Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir fornleifafræðingur sá um skýrslu og kortagerð.

¹ Aðalskráning fornleifa í Árborg 1.

² Sveitarfélagið Árborg. 2020.

³ Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2020.

⁴ Atli Rúnarsson og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. 2023.

⁵ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2017.

⁶ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2021.



Mynd 2. Myndin er fengin úr greinargerð deiliskipulagssvæðis. Afmörkun skipulagssvæðis. 1.áfangi er í landi Jórvíkur og 2. áfangi í landi Bjarkar (Sveitarfélagið Árborg. 2020)

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnakort, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Svæðið hefur áður verið skráð og stuðst var að hluta við þá skráningu. Allir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma

vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3214 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3214-001.

3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

3.1 Saga Björkur

Hvenær Björk byggðist fyrst er ekki vitað en fyrst birtist býlið í heimildum árið 1566 í fornbréfasafninu, og var þá Björk eyðibýli. Gísli Jónsson Skálholtsbiskup gaf Bjarna Ketilssyni jörðina þann 4. október 1566 í skiptum fyrir part í jörðinni Langholt í sömu sókn (Laugardælasókn).⁷ „Jörðin var bændaeign til miðrar 17. aldar er Brynjólfur biskup Sveinsson náði henni undir Skálholtsstól. Árið 1790 komst Björk aftur í bændaeign og sátu hana ýmsir leiguliðar út 19. öld. Frá 1834-1899 var þar tvíbýli uns Gísli Lafransson frá Votmúla keypti jörðina af Magnúsi Arnbjarnarsyni lögfræðingi. Hélt Magnús eftir fjórðapartinum. Björk II, sem síðan var lagður undir Selfoss, vesturbæ, og nýbýlið Haga,

⁷ Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn. 1944-1949. Fjórtaða bindi, 1551-1567, bls. 534-5.

stofnað 1910.⁸ Árið 1847 var jörðin í kirkjueign.⁹ Björk virðist alltaf hafa haldið nafninu óbreyttu.

Björk var ekki stór jörð og hafði ekki hjáleigur. Þar hafa þó búið sæmilega stórar fjölskyldur á 18. og 19. öld samkvæmt manntölunum. Árið 1703 bjuggu þar hjón ásamt tveimur hjúum, 26 árum síðar bjó þar ein kona ásamt sjö börnum sínum.¹⁰ Árið 1801 bjuggu í Björk hjón ásamt þremur börnum sínum og einni þjónustustúlku og 15 árum síðar bjuggu þar önnur hjón ásamt vinnumanni, vinnukonu og tókubarni.¹¹

Samkvæmt jarðabók Árna og Páls var „Lanskuld 1x álnir í landaurum ut supra á stólsjörðunum. Leigukúgildi iii. Leigur í smjöri ut supra. Kvaðir mannslán, hestlán og dagsláttur ut supra á stólsjörðunum.“¹² Árið 1709 var „Jarðardýrleiki óviss, því engin geldst hjer tíund af síðan í tíð meistara Brynjúlfs, þar til hún var bóndaegin, og tíundaðist þá (eftir því sem menn hafa heyrt) fyrir tíu hundruð.“¹³ Þegar Jarðatal á Íslandi var skrifað árið 1847 var dýrleiki jarðarinnar 15 1/3, landskuldin 0,60 og kúgildin 3.¹⁴

Árið 1861 var dýrleiki jarðarinnar fallinn niður í 9,1 hundr. samtímis því sem Sandvíkurjarðirnar hækka. Þessi mismunur eykst enn er veiði hefst fyrir alvöru í Sandvíkum. Að vísu á Björk veiðirétt í Ölfusá, þar sem Björkurland nær í odda niður að ánni við svokallaða Dýflissu en sú veiði hefur ekki verið nytjuð og ber jörðin aðeins 3 veiðieiningar.¹⁵

Björk í Sandvíkurhreppi hefur alltaf verið lögbýli þótt ekki sé jörðin stór, einungis 125 ha. óskipt. „Jörðin liggur ofarlega í Sandvíkurhreppi, öll ofan Votmúlavegar, og snertir Selfossland á góðum kafla. Björk á horn vestan Eyrarbakkeveggar og jörðin teygir sig í odda niður að Ölfusá þar sem Dýflissa heitir.“¹⁶ Samkvæmt túnakorti sem gerð voru fyrir Björk og sem teiknað var af Þorsteini Sigurðssyni árið 1920, var túnið í Björk 7.2 ha, þar af 2/3 slétt. Matjurtagarðar voru 960 m². Á túnakorti má sjá bæjarstæðið, matjurtagarðinn og þrjú útihús.¹⁷ Á heimasíðu Fasteignamats ríkisins eru byggingar á landi Björkur skráðar

⁸ *Sunnlenskar byggðir. Flóinn. II. bindi. 1981:345.*

⁹ J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Ísland:62*

¹⁰ Manntal 1703:520, Manntal 1729:601.

¹¹ Manntal 1801:230, Manntal 1816:315.

¹² Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:108.

¹³ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:108.

¹⁴ J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Ísland:62*

¹⁵ Örnefnaskrá -Björk, 1-2.

¹⁶ *Sunnlenskar byggðir. Flóinn. II. Bindi 1981:345.*

¹⁷ Túnakort Björk.

ásamt byggingarári og samkvæmt því standa þau hús sem á túnakorti eru, ekki enn í dag. Elsta hús á Björk er geymsla sem var byggð árið 1930, en í dag standa á jörðinni 13 byggingar (fmr.is). Þegar Fasteignabókin 1932 var skráð voru tún á Björk 3,5 ha.¹⁸ Árið 1977 var framkvæmt fasteignamat á jörðinni og voru þá tún á Björk 21 ha.¹⁹ Forn hundraðatala bæjarins var 15 1/3 en ný hundraðatala, árið 1848, var 9,1.²⁰ „Ræktunarskilyrði eru góð í Björk. Landið er samfelld og vel ræsalegt og víðast grjóttlaust. Best er ræktarlandið vestur með veginum og sunnan við túnið en austar á landareigninni er mýrlendara, enda er þar aðaláveitulandið.“²¹ „Torfrista og stúnga lítt nýtandi. Skóg í almenníngi ut supra. Hætt er kvikfje fyrir holugryfjupyttum. Vatnsból bregst sumar og vetur, og er þá vatn tilflutt frá öðrum bæjum eða lánga vegu mönnum og fje til bjargar.“²² „Á síðustu árum hefur framþróun orðið á jörðinni ekki síður en á öðrum jörðum á Flóaáveitusvæðinu, ræktunarskilyrði síst verri en annars staðar, þegar ræst hefur verið fram og grjóttlaust land víða. Best er ræktunarlandið vestur með veginum og niður að Litlahól en austar á landareigninni er mýrlendara enda er þar aðaláveitulandið.“²³

Landamerki jarðarinnar árið 1566 voru þessi: „fyrst sionhending vr Dyshol og j Slauguhol. þadan sionhending og ofan j eitt litid kringlott gerdi. þadan sionhending j Kierhola og hia þeim steine sem þar ä mille stendr. sijdan j burt vr Kerholi og vti Grænutopt og þadan j ädurnefndan Dyshol. Jtem þad þetta Biarckar land matti vijdara vera helldr enn fimm hundrada landi giegndi.“²⁴

Árið 1962 voru landamerki Bjarkar þessi og „Björkurland óskipt er um 126 hektarar, það er að lögun sem þríhyrningur og er markalína jarðarinnar þessi: Úr Dýflissu, sem er vik í Ölfusá og hornmark jarðanna Sandvík, Selfoss og Björk í Strokkhól vestan við túnið í Björk; úr Strokkhól gegnum Litlahól í Virkisvörðu austan við Eyði-Sandvík; úr Virkisvörðu dregin lína í norður gegnum Markhól, austan við bæinn í Björk í Kerhól norðaustan við bæinn; úr Kerhól bein lína í Dýflissu við Ölfusá. Sömu landamerki eru í dag.

¹⁸ Fasteignabók 1932:13.

¹⁹ *Sunnlenskar byggðir. Flóinn*. II. Bindi 1981:345.

²⁰ Ný jarðabók:31.

²¹ *Sunnlenskar byggðir. Flóinn*. II. Bindi 1981:345.

²² Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:108.

²³ Örnefnaskrá -Björk, 1-2.

²⁴ *Diplomatarium Islandicum* XIV. 1551-1567: 534-5.

Sem fyrr segir er úrskipt úr landi Bjarkar tveim spildum, önnur kom í hlut Selfoss, 350 metra breið spilda vestan frá þjóðvegi austur að Strýtuholi. Hin er vestan vegar, jafnbreið Selfossspildu og nær út í Dýflissu eða því nær. Þó eru veiðiréttindin ekki fylgjandi spildu þessari heldur tilheyra Björk. Á þessari síðari spildu var nýbýlið Hagi reist árið 1910.

Björkurvegur hefst þar sem landamerkjalinan sker Eyrarbakkaveg. Áður en vegur komst heim í hlað voru notaðir hestatroðningar á öðrum stöðum. Leiðin suður eftir lá fyrst suður að Bjarkarskurði, þar var brú á skurðinum. Var síðan farið vestur með skurðinum og stefnt á Strokkhól, þar var hlið í grjóttgarði nálægt mörkum. Síðan var farið yfir Geirakotsrima beint upp á þjóðveg. Leiðin upp frá Björk lá beint þaðan um Haga að Selfossi, er farið var gangandi, en ríðandi fóru menn beint vestur á þjóðveginn.²⁵ Björk átti kirkjusókn að Laugardælum árið 1841.²⁶ Býlið er enn í byggð.

²⁵ Örnefnaskrá - Björk, 1-2.

²⁶ Árnæssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenn tafélags 1839-1843. 1979:72

3.2 Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis

Númer: 3214-001

Eldra númer: 1860-8, 166181-203-17

Hlutverk: Skjól

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 401506 N: 381352

Hleðsluhæð: 0.5 m

Lengd: 9 m

Breidd: 6 m

Ástand: Vel greinanlegar

Horfin: Nei

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Við austurenda engjanna í Björk um 20 m frá girðingu sem skilur að Geirakot og Björk til suðurs og um 50 m frá girðingu sem skilur að Björk og Selfoss er skjól.

Minjalýsing: Í uppgraftarskýrslu fyrir könnunarskurðinum segir; 381352

„Skjólið er hlaðið og myndar L (utanmál þess er 6 x 9 m). Hleðslugrjótið er mosavaxið en stendur upp úr vallgrónum engjunum í kring. Hleðsla er um 1/2 m á hæð og breidd garðsins er um 1 m. Skjólið er líklega nokkuð gamalt og hefur verið óbreytt frá því að ábúandi man eftir sér.

Könnunarskurður var gerður þvert í gegn um SA hlið hleðslunnar sem jafnframt er lengri hlið hennar og var skurðurinn gerður þar sem hleðslan [101] var lægst. Skurðurinn var um 60 cm á breidd og var grafinn niður á hið forsögulega Þjósárhraun. Hleðslan var einföld hraunhleðsla sem náði um 50 cm undir grasyfirborð og hefur hún upphaflega líklega verið um 120-150 cm á hæð. Efsta lag hleðslunnar hefur hrunið aðeins til hliðar en hún er í dag um 1 m á hæð. Engin merki eru um neitt eldra undir og var skurðinn gerður út fyrir aðra skammhliðina til að ganga úr skugga að þetta hafi ekki verið ferhyrnt mannvirki, svo reyndist ekki vera. Undir hleðslunni var mold og því næst forsögulegt Þjósárhraun.

Mannvirkið hefur alla tíð verið L laga. Greinilegt er því að um er að ræða hlaðið skjól fyrir búfénað eins og heimildarmaður, sem er bóndi í Björk greindi frá við fornleifaskráningu árið 2004.”²⁷



Mynd 3. Hlaðið skjól fyrir Dýr. Guðmundur Bóndi í Björk stendur við hleðsluna. mynd tekin árið 2004.

²⁷ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2021. Bls. 12-13.

Númer: 3214-002

Hlutverk: Áveita

Tegund: Niðurgröftur

Staðsetning: A: 400947 N: 381153

Lengd: 50 m (innan svæðis)

Breidd: 3,5 m

Ástand: Vel greinanlegar

Horfin: Nei

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Framkvæmdir

Friðlýst: Nei




Mynd 4. Skjáskot fengið af Map.is. Þar er að áveituskurð [3214-002] fyrir miðju ásamt öðrum skurði þar rétt vestan við. Upp er í norður.

Staðhættir: Flóðgarðurinn er staðsettur í um 330 m austan við bæjarhólinn á Björk og um 580 m suðvestan við hleðslu [3214-001]. Stærstur hluti áveituskurðarins er staðsettur utan framkvæmdarsvæðis. Um 70 m vestan við flóðgarð er annar flóðgarður sem hefur varðveist.

Minjalýsing: Framkvæmdir við flóaáveituna hófst árið 1922.²⁸ Innan svæðis er einungis hluti af flóðagarði sem liggur í norðnorðvestur - suðsuðaustur. Skurðurinn var alls um 170 m en voru einungis 50 m innan framkvæmdasvæðis. Skurðurinn sem er staðsettur vestan við er 108 m á lengd og hefur sömu lögun. Skurðirnir eru sjáanlegir á yfirborði og tengjast báðir við aðfærsluskurði sem er sunnan við framkvæmdasvæðið.

²⁸ Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2020. Bls. 27



Mynd 5. Mynd fengin úr Skýrslu Ragnheiðar Gló Gylfadóttir (2020. Bls. 48). Gula örin bendir á flóðgarð sem er staðsettur innan framkvæmdarsvæðis að hluta til.

4. NIÐURSTÖÐUR

Tvær minjar voru skráðar við fornleifaskráninguna. Eru þetta hlaðið skjól [3214-001] sem hefur nú þegar verið skráð og rannsakað með prufuskurði árið 2021 og áveituskurður [3214-002] sem er hluti af Flóaáveitunni.

Samkvæmt niðurstöðum fornleifarannsóknar á prufuskurðinum reyndist þar vera grjóthlaðið skjól [3214-001] sem hlaðið hefur verið upp á túninu til að búfenaður geti leitað skjóls fyrir vindum. Heimildarmaður hafði einmitt greint frá þessu á þeim tíma. Líklega er skjólið ekki mjög fornt frá upphafi 20. aldar og engar eldri minjar voru sjáanlegar undir hleðslunni.

Ekki er vitað með vissu hvenær áveituskurðurinn var tekinn og því ekki vitað með vissu hvort skurðurinn fellur undir aldursákvæði fornminja. Eitt er þó víst að þessi áveituskurður er hluti af minjaheild sem er talið vera hluti af einu stærstu framkvæmdum á Íslandi og mikilvægur hluti af landbúnaðarsögu landsins.

Engar aðrar minjar voru sjáanlegar á yfirborði en þær geta leynst undir sverði. Vert að benda á að ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við **framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdir samstundis og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands** sem mun þá meta fundinn og taka ákvörðun með framhaldið.

5. HEIMILDASKRÁ

- Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.
- Atli Rúnarsson og Kristín Sylvía Ragnarsdóttir. 2023. *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreiti í landi Jórvíkur í Árborg*. NV nr. 26-23.
- Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 1944-1949. Fjórtaða bindi. 1551-1567. Gefið út af Hinu íslenska bókmentafélagi, Reykjavík.
- Fasteignabók*. (1932). Reykjavík: Fjármálaráðuneytið.
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripum úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Kristín Sylvía Ragnarsdóttir & Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2020. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulagsreits í landi Jórvíkur í Árborg*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.
- Manntal á Íslandi árið 1703. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. (1924-1947). Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978. Ættfræðifélagið gaf út, Reykjavík.
- Manntal á Íslandi 1816*. (1947-1974). Akureyri og Reykjavík: Ættfræðifélagið.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2017. *Fornleifakönnun vegna deiliskipulags á Björkurstykki í Árborg*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 12-17.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2021. *Könnunarskurðir vegna framkvæmda á Björkurstykki í Árborg*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 15-21.
- Ný jarðabók fyrir Ísland*. [Ártal vantar]. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz's prentsmiðju, Kaupmannahöfn.
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2020. *Stærsta framkvæmd Íslandssögunnar: Kortlagning á áveitum frá 20. öld í Flóa og á Skeiðum*. Fornleifastofnun Íslands ses. FS788-18111.
- Sunnlenntaskar byggðir II. Flóinn*. (1981). Búnaðarsamband Suðurlands.
- Sveitafélagið Árborg. 2020. *Tillaga að deiliskipulagi í landi Jórvíkur 1 við Selfoss*. Greinagerð og skipulagsskilmálar. Landhönnun slf.

Óprentaðar heimildir

- Túnakort. Björk, Sandvíkurheppur, Árnessýsla. (1917). Þjóðskjalasafn Íslands.
- Örnefnaskrá Björk. Björn Lýðsson skráði.

6. KORT



0 100 200 m

Skýringar

- Fornleifar
- Fornleifar punktar
- Útlínur svæðis

Fornleifar skráðar innan deiliskipulagsreits í landi Björkur.

Skali 1: 8200
Dags: 7.3.2024
Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir



Skýringar

— Útlínur svæðis

0 25 50 m



Flóaáveituskurður [3214-002] sem hefur varðveist innan deiliskipulagsreits. Kort og teikningar af skurði fengið úr skýrslu Ragnheiðar Gló Gylfadóttir (2020. Bls. 49).

Mælikvarði 1:3640
Dags. 07.03.2024
Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

7. PUNKTASKRÁ

Auðkenni	Tegund	Hlutverk	Hnit
3214-001	Hleðsla	Skjól	A: 401506 N: 381352
3214-002	Niðurgröftur	Áveita	A: 400947 N: 381153